

154. löggjafarþing 2023–2024.
Þingskjal x — x. mál.
Stjórnarfrumvarp.

Frumvarp til laga

um breytingu á lögum um aðför nr. 90/1989 og lögum um nauðungarsölu, nr. 90/1991
ásamt síðari breytingum
(stafræn málsmeðferð)

Frá dómsmálaráðherra.

I. KAFLI

Breyting á lögum um aðför, nr. 90/1989.

1. gr.

Við 2. mgr. 10. gr. laganna bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Þegar aðfararbeiðni er á stafrænu formi, sbr. 10. kafla A, skal frumrit viðskiptabréfs berast án ástæðulauss dráttar.

2. gr.

3. málsl. 1. mgr. 21. gr. fellur niður og í stað hans kemur nýr málslíður, svohljóðandi: Sýslumaður getur um leið óskað upplýsinga frá gerðarþola um hvort hann hafi athugasemdir við aðfararbeiðni og hvort hann ætli að vísa á þær eignir sem fjárnám verði gert í skv. 39. gr. og sett gerðarþola frest í því skyni. Sýslumaður ber að gæta leiðbeiningarskyldu skv. 3. mgr. 25. gr.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. mgr. 23. gr. laganna:

- a. Setningaliðurinn „ef um aðför er að ræða til fullnustu kröfu skv. 9. tölul. 1. mgr. 1. gr.“ í 1. málsl. fellur brott.
- b. 2. málsl. 2. mgr. 23. gr. fellur niður.

4. gr.

Við 39. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Þegar aðfararbeiðni er á stafrænu formi, sbr. 10. kafla A, skal gerðarbeiðandi tiltaka, sé þess kostur og svo fljótt sem verða má, í hvaða eignum eða réttindum fjárnám verði gert. Þá skal gerðarbeiðandi jafnframt svara því hvort þinglýsa skuli niðurstöðu aðfarargerðar. Gerðarbeiðandi getur breytt afstöðu sinni og tiltekið aðra eign eða réttindi áður en aðfarargerðin verður framkvæmd.

5. gr.

Á eftir 10. kafla laganna kemur nýr kafli, 10. kafli A, **Stafræn málsmeðferð**, með sjö nýjum greinum, 71. gr. a – 71. gr. g, svohljóðandi:

- a. (71. gr. a)

Þar sem áskilið er í lögum þessum að gögn skulu vera skrifleg, í staðfestu endurriti, frumriti eða tvíriti skulu gögn á stafrænu formi talin fullnægja þessum áskilnaði, enda uppfylli þau kröfur um heilleika og uppruna eftir því sem nánar er kveðið á um í reglugerð skv. 2. mgr. Þetta á þó ekki við um viðskiptabréf eða önnur bréf þar sem fjárhagsleg réttindi eru bundin við handhöfn bréfsins.

Ráðherra er heimilt að kveða nánar um framkvæmd þessa ákvæðis í reglugerð, svo og um form stafrænna gagna.

b. (71. gr. b)

Þegar áskilið er í lögum þessum að gögn frá aðila, sýslumanni eða dómstóli séu undirrituð skal fullgild rafræn undirskrift teljast fullnægjandi.

Fullgild rafræn undirskrift uppfyllir áskilnað laga þessara um vottun.

c. (71. gr. c)

Áskilnaði um áritun dómara og sýslumanns á skjal í ákvæðum laga þessara má fullnægja með fullgildri rafrænni áritun eða færslu ef skjal er á stafrænu formi.

d. (71. gr. d)

Þegar áskilið er í lögum þessum að gögn skulu birt á ákveðinn hátt, svo sem með auglýsingu, símskeyti, ábyrgðarbréfi, stefnuvotti eða öðrum sannanlegum hætti, skal birting í miðlægu stafrænu pósthólfi stjórnvalda teljast fullnægjandi birting. Þegar gögn eru aðgengileg í pósthólfi teljast þau birt viðtakanda. Hafi frestur verið tiltekinn þá telst hann frá næsta virka degi.

Erindi eða önnur gögn teljast komin til dómstóls eða sýslumanns þegar starfsmenn þeirra eiga þess kost að kynna sér efni þeirra. Dómstóll og sýslumaður skulu að eigin frumkvæði staðfesta að þeim hafi borist gögn, eftir því sem unnt er.

e. (71. gr. e)

Þrátt fyrir ákvæði þessara laga getur dómari og sýslumaður ákveðið að fyrirtökur samkvæmt lögum þessum fari fram á fjarfundi enda verði fyrirtöku háttáð þannig að allir viðkomandi aðilar heyri þau orðaskipti sem fara fram. Telst það fullnægjandi mæting af hálfu málsaðila. Fjarfundurinn skal fara fram með hljóði og mynd ef þess er kostur.

Ráðherra er heimilt að kveða nánar á um framkvæmd þessa ákvæðis í reglugerð, svo og um framkvæmd meðferðar aðfararmáls að öðru leyti.

f. (71. gr. f)

Heimilt er að starfrækja vefgátt til móttöku aðfararbeiðna í samræmi við ákvæði þetta. Með því er átt við stafrænan vettvang fyrir samskipti málsaðila, sýslumanns og dómara.

Gerðarbeiðandi og gerðarþoli skulu hafa aðgang að eigin svæði í vefgáttinni, auk sýslumanns og dómstóls. Gerðarbeiðandi og gerðarþoli skulu jafnframt fá allar tilkynningar, boðanir og bréf í miðlægt stafrænt pósthólf stjórnvalda, sbr. 71. gr. d.

Ráðherra ber ábyrgð á að vefgátt sé starfrækt í samræmi við ákvæði þetta. Ráðherra getur ákveðið að fela öðrum ríkisaðila að annast daglegan rekstur og umsjón hennar.

Ráðherra skal setja reglugerð um nánari framkvæmd ákvæðis þessa, þar á meðal um:

- a. hvaða upplýsingar skulu koma fram í vefgáttinni,
- b. rekstur og umsjón með stafrænni vefgátt, hýsingu hennar, aðgengi, tæknilega útfærslu, framsetningu upplýsinga í gáttinni, samtengingu gáttarinnar við

- starfskerfi lögheimtuaðila, sýslumanna og dómstóla, tengingar í opinber skráasöfn, tímastimplun, varðveislu gagna og öryggiskröfur,
- c. hvenær heimilt er að eyða færslum í stafrænni vefgátt og hvernig staðið skuli að eyðingu þeirra,
 - d. gerð endurrita, hvort sem þau eru stafræn eða á pappír,
 - e. form stafrænna birtinga og tilkynninga,
 - f. skilyrði um meðferð og vinnslu persónuupplýsinga.

II. KAFLI

Breyting á lögum um nauðungarsölu, nr. 90/1991.

6. gr.

Á eftir XV. kafla laganna kemur nýr kafli, XV. kafli A, **Stafræn málsmeðferð**, með átta nýjum greinum, 88. gr. a – 88. gr. h, svohljóðandi:

a. (88. gr. a)

Þar sem áskilið er í lögum þessum að gögn skulu vera skrifleg, í staðfestu endurriti, frumriti eða tvíriti skulu gögn á stafrænu formi talin fullnægja þessum áskilnaði, enda uppfylli þau kröfur um heilleika og uppruna eftir því sem nánar er kveðið á um í reglugerð skv. 2. mgr. Þetta á þó ekki við um viðskiptabréf eða önnur bréf þar sem fjárhagsleg réttindi eru bundin við handhöfn bréfsins.

Ráðherra er heimilt að kveða nánar um framkvæmd þessa ákvæðis í reglugerð, svo og um form stafrænna gagna.

b. (88. gr. b)

Þegar áskilið er í lögum þessum að gögn séu undirrituð skal fullgild rafræn undirskrift teljast fullnægjandi.

Fullgild rafræn undirskrift uppfyllir áskilnað laga þessara um vottun.

c. (88. gr. c)

Áskilnaði um áritun dómara og sýslumanns á skjal í ákvæðum laga þessara má fullnægja með rafrænni áritun eða færslu ef skjal er á stafrænu formi.

d. (88. gr. d)

Þegar áskilið er í lögum þessum að gögn skulu birt á ákveðinn hátt, svo sem með auglýsingu, símskeyti, ábyrgðarbréfi, stefnuvotti eða öðrum sannanlegum hætti, skal birting í miðlægu stafrænu pósthólfi stjórnvalda teljast fullnægjandi birting. Þegar gögn eru aðgengileg í pósthólfi teljast þau birt viðtakanda. Hafi frestur verið tiltekinn þá telst hann frá næsta virka degi.

Erindi eða önnur gögn teljast komin til dómstóls eða sýslumanns þegar starfsmenn þeirra eiga þess kost að kynna sér efni þeirra. Dómstóll og sýslumaður skulu að eigin frumkvæði staðfesta að þeim hafi borist gögn, eftir því sem unnt er.

e. (88. gr. e)

Þegar áskilið er í lögum þessum að auglýsing skuli birt í Lögbirtingablaði skal auglýsing á vef sýslumanna teljast fullnægjandi.

f. (88. gr. f)

Þrátt fyrir ákvæði þessara laga getur sýslumaður ákveðið að fyrirtökur samkvæmt lögum þessum fari fram á fjarfundi enda verði fyrirtöku háttað þannig að allir viðkomandi aðilar heyri þau orðaskipti sem fara fram. Telst það fullnægjandi mæting af hálfu málsaðila.

Ráðherra er heimilt að kveða nánar á um framkvæmd þessa ákvæðis í reglugerð, svo og framkvæmd málsmeðferðar nauðungarsölumáls að öðru leyti.

g. (88. gr. g)

Þrátt fyrir ákvæði þessara laga getur sýslumaður ákveðið að boðuð fyrirtaka nauðungasölubeiðnar skv. 21. gr. falli niður, hafi gerðarþoli ekki brugðist við tilkynningu skv. 1. mgr. 16. gr. innan frests sem sýslumaður hefur sett honum í því skyni. Frestur sem um ræðir í 2. og 3. mgr. 27. gr. miðast þá við dagsetningu boðaðrar fyrirtöku skv. 21. gr.

Jafnframt getur sýslumaður ákveðið að byrjun uppboðs á starfstofu hans skv. 31. gr. falli niður og skal hann þá boða til uppboðs á eigninni sjálfri, sbr. 36. gr., innan árs frá dagsetningu boðaðrar fyrirtöku skv. 21. gr.

h. (88. gr. h)

Heimilt er að starfrækja vefgátt til móttöku nauðungarsölubeiðna í samræmi við ákvæði þetta. Með því er átt við stafrænan vettvang fyrir samskipti málsaðila, sýslumanns og dómara.

Aðilar skv. 2. gr. skulu hafa aðgang að eigin svæði í vefgáttinni, auk sýslumanns og dómstóls. Aðilar skulu jafnframt fá allar tilkynningar, boðanir og bréf í stafrænt pósthólf, sbr. 71. gr. d.

Ráðherra ber ábyrgð á að vefgátt sé starfrækt í samræmi við ákvæði þetta. Ráðherra getur ákveðið að fela öðrum ríkisaðila að annast daglegan rekstur og umsjón hennar.

Ráðherra skal setja reglugerð um framkvæmd ákvæðis þessa, þar á með um:

- a. hvaða upplýsingar skulu koma fram í vefgáttinni
- b. rekstur og umsjón með stafrænni vefgátt, hýsingu hennar, aðgengi, tæknilega útfærslu, framsetningu upplýsinga í gáttinni, samtengingu gáttarinnar við starfskerfi lögheimtuaðila, sýslumanna og dómstóla, tengingar í opinber skráasöfn, tímastimplun, varðveislu gagna og öryggiskröfur
- c. hvenær heimilt er að eyða færslum í stafrænni vefgátt og hvernig staðið skuli að eyðingu þeirra
- d. gerð endurrita, stafrænna eða á pappír
- e. form stafrænna birtinga og tilkynninga
- f. skilyrði um meðferð og vinnslu persónuupplýsinga.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

1. Inngangur.

Frumvarp þetta er samið í dómsmálaráðuneytinu. Þar hefur lengi verið til skoðunar að gera breytingar á fullnustulöggjöfinni, þ.e. lögum um aðför nr. 90/1989 og lögum um nauðungarsölu nr. 90/1991, með það að markmiði að innleiða stafrænar lausnir fyrir meðferð fullnustumála hjá sýslumönnum og dómstólum, og þá sérstaklega að þeim sem lúta að innheimtu peningakrafna. Í meginatriðum er málsmeðferðin óbreytt frá gildistöku fyrrgreindra

laga 1. júlí 1992, er komið var á aðskilnaði framkvæmdavalds og dómsvalds, og einkennist hún að miklu leyti af formákvörðunum, þ.e. könnun á því hvort formskilyrði laga séu uppfyllt. Framþróun á öðrum réttarsviðum styður við þau áform að taka skref í átt að stafrænum lausnum við meðferð fullnustumála, enda leiða aðrar lagabreytingar til þess að meðferð þeirra mála er ekki eins háð pappírserlum og áður var. Í því sambandi má nefna lög um rafrænar þinglýsingar, nr. 151/2018, lög um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti, nr. 55/2019, og lög um stafrænt pósthólf í miðlægri þjónustugátt stjórnvalda, nr. 105/2021. Þær breytingar sem orðið hafa á öðrum réttarsviðum gera það að verkum að framkvæmd fullnustumála er ekki eins háð pappír og áður var, og því getur ferlið frá lántöku til fullnustu að mestu orðið stafrænt.

2. Tilefni og nauðsyn lagasetningar.

Með þingsályktun nr. 22/150 frá 29. janúar 2020 var fjármála- og efnahagsráðherra falið að stórefla vinnu m.a. er varðar tæknilega innviði Stjórnaráðs Íslands, utanumhald um opinber gögn, upplýsingaöryggismál ríkisins og annað sem snýr að því að tryggja gæði rafrænnar þjónustu hins opinbera gagnvart almenningi. Dómsmálaráðuneytið vann stefnu um framtíðarsýn fyrir málefni sýslumanna, sem birtist í skýrslu útgefin í mars 2021 og ber heitið „Sýslumenn – framtíðarsýn; umbætur á þjónustu og rekstri“, sbr. þingskjal 1043 – 609. mál, 151. löggjafarþing 2020-2021. Í stefnunni felst að sýslumannsembættin veiti framúrskarandi þjónustu óháð búsetu og staðsetningu, hvar og hvenær sem er, eftir því sem hentar almenningi hverju sinni. Þar kemur fram að með því að auka vægi stafrænnar þjónustu megi að miklu leyti stuðla að þjónustuefningu embættanna. Með þeim hætti megi minnka vægi óskilvirkra ferla sem hafi að mörgu leyti einkennt málsmeðferð sýslumannsembætta hingað til, þ.e. staðbundinnar þjónustu, oft á tíðum með formlegum fyrirtökum á grundvelli framlagðra skjala. Þá geti skapast tækifæri til að gera þjónustuna í senn miðlæga og sérhæfða og auka sjálfvirknivæðingu við ákvarðanatöku. Slíkt myndi leiða til hagræðingar hjá embættunum og skjótari afgreiðslu fyrir umsækjendur, og þar með bættrar þjónustu við almenning. Þá segir í skýrslunni að mesti þunginn í afgreiðslutíma sýslumanna liggja hins vegar í þeim hluta kjarnaverkefnanna sem krefjast aðkomu löglærðs fulltrúa eða sérfræðings og einkennist af skyldubundnu mati stjórnvalda og formlegum fyrirtökum í málsmeðferðinni. Við þær aðstæður eru tækifærin fyrir framþróun og innleiðingu stafrænnar málsmeðferðar minni, en þó ekki útilokuð. Mikilvægt sé að láta löggjöfina ekki standa í vegi fyrir framþróun og að skipta verkefnunum upp í áfanga með það að markmiði að greina hvar möguleikar til hagræðingar eru fyrir hendi meðan unnið er að endurskoðun laga.

Áherslur í stefnu stjórnvalda um stafræna þjónustu hins opinbera (Stafrænt Ísland) frá 2021, eru m.a. þær að hið opinbera nýti lausnir á borð við rafrænar undirritanir, fjarfundatækni og aðrar framleiðni aukandi lausnir til að bæta vinnuumhverfi og veita betri þjónustu, og að upplýsingatækni verði hagað á öruggan, skilvirknan og hagkvæman hátt í gegnum trausta innviði sem mæta bæði kröfum almennings til grunnþjónustu stofnana og stuðlar að auknum sveigjanleika opinberra þjónustu. Fjármála- og efnahagsráðuneyti annast framkvæmd fyrrnefndrar stefnu um stafræna þjónustu hins opinbera og innan þess er verkefnastofa um Stafrænt Ísland. Verkefnastofan vinnur m.a. að því að aðstoða ráðuneyti og opinberar stofnanir við að bæta stafræna þjónustu við almenning. Eitt verkefna sem þar er unnið að lýtur að rafrænum þinglýsingum og hefur verið settur upp stýrihópur um innleiðingu þeirra.

Málsmeðferðin á grundvelli laga um aðför, nr. 90/1989, og laga um nauðungarsölu, nr. 90/1991, einkennist að miklu leyti af formákvörðunum, þar sem meðferð fullnustubeiðna er aðallega háð því að formskilyrðum laganna sé fullnægt. Við rekstur mála hafa athugasemdir

og mótbáru gerðarþola um rétt gerðarbeiðanda til fullnustu sjaldnast áhrif á meðferð málsins. Þá heyrir það til undantekningar að gerðarþolar mæti til sýslumanns þegar mál þeirra er tekið fyrir. Rétt þykir að hefja stafræna málsmeðferð fullnustumála með því að takmarka málsmeðferð sem byggist á pappírsferlum sem felur í sér margskráningu upplýsinga, kostnaðarsamar birtingar og fyrirtökur sem og kostnaðarsamt utanumhald gagna. Fyrsta skref í stafrænni málsmeðferð fullnustumála felst m.a. í því að lögfesta heimildir svo að fullnustubeiðnir megi alfarið vera á stafrænu formi, fullgild rafræn undirskrift fullnægi áskilnaði laganna um undirskrift og vottun, að birting tilkynninga og sendingar bréfa megi fara fram með stafrænum hætti og að fyrirtökur fullnustugerðar megi fara fram með fjarfundabúnaði. Um yrði að ræða viðbót við þá meðferð sem nú er við lýði á grundvelli laga um aðför og laga um nauðungarsölu og því er gert ráð fyrir að stafræn málsmeðferð muni ekki fyrst um sinn leysa fyrri framkvæmd að öllu leyti af hólmi.

Frumvarp þetta leggur grundvöll að því að hefja stafræna málsmeðferð í fullnustumálum og heimilar að koma á fót rafrænni vefgátt sem verði samskipta- og upplýsingavettvangur málsaðila, sýslumanns og dómara. Með stafrænni innleiðingu yrði hægt að bæta þjónustuna við gerðarbeiðanda og gerðarþola, auka gegnsæi og nýta þá tæknilegu innviði sem þegar eru í mótun á öðrum sviðum og ná fram hagræðingu fyrir málsaðila og ríkissjóð. Vefgáttin verði m.a. vettvangur leiðbeininga og fræðslu til gerðarþola ásamt því að vera öruggur og handhægur vettvangur fyrir hann til að tryggja réttarstöðu sína við meðferð mála. Jafnframt er miðað að því að vefgáttin veiti hlutadeigandi heildarsýn á málsmeðferðina og upplýsingar um hver staða máls er á hverjum tíma. Jafnframt verður stuðst við stafrænt pósthólf í stafrænum samskiptum sýslumanna og dómstóla við málsaðila, sbr. lög um stafrænt pósthólf í miðlægri þjónustugátt stjórnvalda, nr. 105/2021. Þá er frumvarpinu ætlað að styðja við þinglýsingalög, nr. 39/1978, sbr. breytingalög nr. 151/2018 og 161/2019, lög um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti, nr. 55/2019, og lög um stafrænt pósthólf í miðlægri þjónustugátt stjórnvalda, nr. 105/2021.

3. Meginefni frumvarpsins.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á fullnustulöggjöfinni, þ.e. lögum um aðför, nr. 90/1989, og lögum um nauðungarsölu nr. 90/1991, svo unnt sé að beita í auknum mæli stafrænum lausnum við meðferð fjárnámsmála og nauðungarsölumála, en þar liggur mesti fjöldi mála, sbr. eftirfarandi töflur:

Fjárnám	2017	2018	2019	2020	2021	2022
<i>Fjöldi fjárnámsbeiðna</i>	22.275	21.674	22.608	17.103	10.785	19.867
<i>Fjárnám í fasteign</i>	1.630	1.459	1.503	1.177	686	823
<i>Fjárnám í skipi</i>	85	51	33	25	18	21
<i>Fjárnám í ökutæki</i>	1.511	1.215	1.152	827	423	326
<i>Fjárnám í öðru andlagi</i>	29	29	56	54	35	36
<i>Árangurslaust fjárnám</i>	15.425	14.179	14.779	11.415	7.138	13.337
<i>Fjöldi lokinna gerða samtals</i>	18.680	16.933	17.523	13.498	8.300	14.543

Tafla 1. Fjöldi fjárnámsmála hjá sýslumannsembættum 2017 – 2022, en mismunur fjölda fjárnáma og lokinna gerða eru afturkölluð mál.

Nauðungasölubeiðnir	2017	2018	2019	2020	2021	2022
<i>Fasteignir</i>	3.956	3.271	3.024	2.620	1.698	1.430
<i>Skip</i>	89	35	21	18	13	14
<i>Loftför</i>	1	0	0	2	0	0
<i>Ökutæki</i>	1.320	3.170	1.065	618	527	310
<i>Annað</i>	28	32	36	8	22	16
Beiðnir alls	5.394	4.508	4.146	3.266	2.260	1.770

Tafla 2. Fjöldi nauðungarsölubeiðna hjá sýslumannsembættum 2017 – 2022

Seldar eignir á uppboði	2017	2018	2019	2020	2021	2022
<i>Fasteignir</i>	242	114	318	237	98	15
<i>Skip</i>	10	11	5	3	1	0
<i>Loftför</i>	0	0	0	1	0	0
<i>Ökutæki</i>	203	310	386	206	263	59
<i>Annað</i>	11	0	5	4	7	4
Alls selt	466	435	714	451	369	78

Tafla 3. Fjöldi seldra eigna á uppboði hjá sýslumannsembættum 2017 – 2022, en mismunur nauðungasölubeiðna og seldra eigna á uppboði eru afturkölluð mál.

	2017	2018	2019	2020	2021	2022
<i>Aðfararbeiðnir</i>	2.610	1.350	845	2.044	499	361
<i>Ágreiningsmál v/aðfarargerða</i>	38	18	14	12	12	7
<i>Ágreiningsmál v/nauðungarsölu</i>	33	22	13	6	10	6

Tafla 4. Fjöldi tiltekinna fullnustumála hjá héraðsdómstólum 2017 - 2022

Breytingarnar sem lagðar eru til á lögum um aðför og lögum um nauðungarsölu felast fyrst og fremst í því að nýjum kafla verði bætt við báða lagabálkana. Númeraröð gildandi lagagreina helst óbreytt í téðum lögum.

Í þeim kafla er í fyrsta lagi lagt til að þar sem áskilið er í lögunum að gögn skuli vera skrifleg, að þau séu undirrituð eða birt með sannanlegum hætti þá skulu gögn á stafrænu formi, með fullgildri rafrænni undirritun og birting þeirra í stafrænu pósthólf í miðlægri þjónustugátt stjórnvalda teljast fullnægjandi. Í öðru lagi er lagt til að áskilnaði um áritun héraðsdómara eða sýslumanns megi fullnægja með rafrænni áritun eða rafrænni færslu ef skjalið sem krefst áritunar er á stafrænu formi. Í þriðja lagi er mælt fyrir í frumvarpinu að sýslumaður geti ákveðið að fyrirtökur fari fram á fjarfundi og telst það fullnægjandi mæting af hálfu málsaðila. Í fjórða lagi er lagt til að sýslumanni sé heimilt að ákveða að aðfarargerð geti farið fram án mætingar málsaðila og að fella niður fyrirtökur í nauðungarsölumáli að ákveðnum skilyrðum fullnægðum. Í fimmta lagi er lagt til að heimilt sé að starfrækja vefgátt, sem ætlað er að vera stafrænn vettvangur fyrir samskipti málsaðila, sýslumanns og dómara, þar sem hægt verður að nálgast á einum stað upplýsingar um stöðu stafræns fullnustumáls, leiðbeiningar og tilkynningar. Gert er ráð fyrir samtengingu vefgáttarinnar við starfskerfi lögheimtuaðila, starfskerfi sýslumanna og dómstóla sem og við stafrænt pósthólf Ísland.is. Að lokum er í

frumvarpi þessu lagt til að þar sem áskilið er í nauðungarsölulögum að auglýsing skuli birt í Lögbirtingablaði þá skuli auglýsing á vef sýslumanna teljast fullnægjandi.

Við samningu frumvarpsins hefur verið höfð hliðsjón af lagabreytingum sem samþykktar voru á Alþingi vegna samkomubanns og fjarlægðartakmarkana kórónuveirunnar (SARS-CoV-2) sem veldur Covid-19 sjúkdómnum, með lögum um breytingu á ýmsum lögum til að heimila framlengingu fresta og rafræna meðferð mála hjá sýslumönnum og dómstólum o.fl., nr. 32/2020. Hin tímabundnu ákvæði voru m.a. sett í lög um aðför, nr. 90/1989, lög um nauðungarsölu, nr. 90/1991 og lög um meðferð einkamála í héraði, nr. 91/1991. Jafnframt hefur verið litið til breytinga á þinglýsingalögum, nr. 39/1978, vegna rafræna þinglýsinga, sbr. lög nr. 151/2018 og nr. 161/2019.

Norðurlöndin hafa undanfarin ár verið á sömu vegferð og Ísland við innleiðingu stafrænna lausna fyrir meðferð opinberra mála og eru að stíga skref í átt að stafrænni þjónustu í fullnustumálum. Í þeim löndum er meðferð þeirra mála ýmist hjá sérdómstólum eða stjórnvöldum og hafa öll lönd tekið upp stafrænar tilkynningar og boðanir sem birtist ýmist í miðlægu pósthólfi stjórnvalda eða í sérstakri vefgátt. Flest löndin taka við stafrænum fullnustubeiðnum og Finnland hefur gert það að skyldu að fullnustubeiðnir frá lögmönnum og innheimtufyrirtækjum berist á stafrænu formi í gegnum vefgátt. Enn virðast formlegar fyrirtökur fullnustumála vera meginreglan nema helst í nauðungarsölumálum þar sem í nokkrum löndum er heimilt að halda vefuppboð og er sá háttur meginreglan í Eistlandi. Þá fara auglýsingar um uppboð fasteigna almennt fram á vefsvæðum.

4. Samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar.

Frumvarpið felur í sér breytingar á fullnustulöggjöfinni með því að bæta við heimildarákvæðum þar svo viðhafa megi stafræna málsmeðferð. Efni frumvarpsins gefur ekki tilefni til að ætla að tillögur þess stangist á við stjórnarskrá eða alþjóðlegar skuldbindingar nú frekar en á tímabundnum gildistíma nokkurra sambærilegra ákvæða.

5. Samráð.

[Í vinnslu]

6. Mat á áhrifum.

[Í vinnslu]

Um einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Þar kemur fram að frumrit viðskiptabréfs þurfi að berast án ástæðulauss dráttar ef aðfararbeiðni og eftir atvikum önnur fylgigögn hafa verið lögð fram á stafrænu formi, sbr. 10. kafla A og á við þegar aðfarar er krafist skv. 7. og 8. tölul. 1. mgr. 1. gr. Áskilnaður um frumrit þarf að vera þar sem handhöfn bréfsins skiptir máli og áritanir á það, s.s. um framsal, uppgreiðslu, skilmálabreytingu o.fl. Forsenda t.a.m. fyrirtöku aðfarargerðar skv. 22. gr. er að frumrit viðskiptabréfsins hafi borist sýslumanni og liggi fyrir við upphaf gerðarinnar.

Um 2. gr.

Lagt er til að 3. másl. 1. mgr. 21. gr. falli niður þar sem kveðið er á um að sýslumaður geti lagt fyrir gerðarbeiðanda að annast tilkynningu til gerðarþola um að beiðni sé komin fram um aðför hjá honum. Í 10. kafla A um stafræna málsmeðferð segir að allar tilkynningar, boðanir

og bréf skulu birt málsaðila í miðlægu stafrænu pósthólfi, og einungis opinberir aðilar hafi heimild til að birta gögn í pósthólfinu, sbr. lög nr. 105/2021.

Nýr málsl., sem verður 3. másl. 21. gr., mælir fyrir um að sýslumaður getur óskað viðbragða frá gerðarþola strax í upphafi málsmeðferðar. Í tilkynningu til gerðarþola um að aðfararbeiðni sé komin fram er jafnframt óskað upplýsinga frá gerðarþola innan frests sem sýslumaður setur honum í því skyni. Í fyrsta lagi er óskað upplýsinga um hvort hann ætli að gera athugasemdir við aðfararbeiðnina og í öðru lagi hvort hann ætli að vísa á þær eignir sem fjárnám verði gert í samkvæmt ábendingarrétti sínum skv. 39. gr. Ef svör berast ekki frá gerðarþola metur sýslumaður hvort hann telji ástæðu til að boða gerðarþola í fyrirtöku aðfarargerðar. Áréttað er í ákvæðinu um leiðbeiningarskyldu sýslumanns skv. 3. mgr. 25. gr. í ljósi þess að það kann að vera að sýslumaður telji ekki ástæðu til að boða málsaðila í fyrirtöku aðfarargerðar. Samkvæmt upplýsingum frá sýslumannsembættum heyrir til algjörra undantekninga að gerðarþoli mæti í boðaða fyrirtöku. Því er ólíklegt að nokkur viðbrögð komi frá honum enda lýkur flestum málum með árangurslausu fjárnámi, sbr. tafla 1 yfir fjölda fjárnámsgerða hjá sýslumönnum 2017-2022.

Um 3. gr.

Ákvæðið felur í sér að sýslumaður fái rýmri heimildir til að ákveða að gerðarbeiðanda sé ekki skylt að vera viðstaddur aðför og á það helst við í þeim málum þar sem gerðarbeiðandi hefur ekki vísað á eignir til að taka fjárnámi og óski því eftir árangurslausu fjárnámi, auk þess sem gerðarþoli hefur ekki bent á neinar eignir, sbr. 2. gr., og verulegar líkur eru á að málinu ljúki með árangurslausu fjárnámi. Reyndin er sú að það heyrir til undantekninga að gerðarþoli mæti í boðaða fyrirtöku aðfarargerðar. Með þessu ákvæði er lagður grundvöllur að aðfarargerð megi fara fram án mætingar málsaðila þegar hvorugur þeirra hefur vísað á eignir sem taka skal fjárnámi og verulegar líkur eru á að málinu ljúki með árangurslausu fjárnámi, sem er niðurstaðan í um 70% aðfararbeiðna. Mikilvægt er að sýslumaður gæti hlutleysis í störfum sínum og þykir skylda sýslumanns að gæta réttinda gerðarbeiðanda af sjálfsdáðum, eins og mælt er fyrir um í 2. másl. 2. mgr. 23. gr., ekki eiga við þegar heimildin um fjarveru gerðarbeiðanda við aðfarargerð er rýmkuð. Því lagt er til að téður málsliður falli niður.

Um 4. gr.

Lagt er til að ný málsgrein bætist við 39. gr. sem mæli fyrir um að gerðarbeiðandi tiltaki með nákvæmum hætti þær eignir eða réttindi sem fjárnám verður gert í, sé þess kostur og svo fljótt sem verða má, en gerðarbeiðandi á ábendingarétt skv. 5. mgr. 39. gr. þegar gerðarþoli eða málsvari hans nýtir ekki rétt sinn. Settur er sá fyrirvari að gerðarbeiðandi geti breytt afstöðu sinni á seinni stigum, en mælst er til þess að ábending gerðarbeiðanda um tilteknar eignir sem fjárnám verði gert í, komi fljótt fram við meðferð málsins. Hér er verið að leggja grundvöll að því að aðfarargerð geti farið fram án þess að málsaðilar mæti, þar sem reyndin er sú að það heyrir til undantekninga að gerðarþoli mæti í boðaða aðfarargerð og nýtir þar af leiðandi ekki ábendingarrétt sinn skv. 39. gr. Gerðarbeiðandi þarf því ekki að mæta í aðfarargerð, ef fyrir liggur ábending hans um hvaða eign eða réttindi hann leggi til að tekin verði fjárnámi. Ef gerðarbeiðandi bendir ekki á neinar eignir má líta svo á að hann óski eftir árangurslausu fjárnámi, en æskilegt væri að hann staðfesti það. Þrátt fyrir fyrirmæli 1. mgr. 21. gr. um að kynna skuli gerðarþola meginefni aðfararbeiðnar er ekki lagt til að honum verði kynnt ábending gerðarbeiðanda. Ástæða þess er að koma í veg fyrir að gerðarþoli grípi til ráðstafa sem eru til þess fallnar að verðmæti eignanna rýrni eða að þær verði ekki fyrir hendi þegar að aðfarargerðinni kemur. Sennilegt er að flestar aðfararbeiðnir beri ekki með sér

áþendingu gerðarbeiðanda um eignir sem fjárnám verði gert í, þar sem ca. 70% aðfararmála lýkur með árangurslausu fjárnámi, sbr. tafla 1 um fjölda fjárnámsmála hjá sýslumannsembættum 2017 – 2022.

Um 5. gr.

Lagt er til að nýr kafli komi á eftir 10. kafla laganna sem verði 10. kafli A, **Stafræn málsmeðferð**, sem innihaldi sjö nýjar greinar. Við samningu málsmeðferðarreglnanna var m.a. litið til ákvæða IX. kafla stjórnarsýslulaga, nr. 37/1993, um rafræna meðferð stjórnarsýslumála, sbr. lög nr. 51/2003, og stöðu stafrænnar þjónustu hins opinbera í dag. Í 10. kafla A er farin svokölluð jafngildisleið þannig að þar sem áskilið er að gögn skuli vera skrifleg, að þau séu undirrituð eða birt með sannanlegum hætti þá skulu gögn á stafrænu formi, með fullgildri rafrænni undirritun og birting þeirra í stafrænu pósthólfi í miðlægri þjónustugátt stjórnvalda teljast fullnægjandi. Til að taka af öll tvímæli þá er kveðið á um að áskilnaði um áritun héraðsdómara eða sýslumanns megi fullnægja með rafrænni áritun ef skjal er á stafrænu formi. Auk þess geti sýslumaður ákveðið að fyrirtökur fari fram á fjarfundi og telst það fullnægjandi mæting af hálfu málsaðila. Ef litið er til tæknilegrar umgjáðar fyrir stafræna málsmeðferð er lagt til að heimilt verði að starfrækja vefgátt, sem ætlað er að vera stafrænn vettvangur fyrir málsaðila, sýslumann og dómara, þar sem hægt verður að leggja fram fullnustubeiðni og nálgast á einum stað upplýsingar um stöðu stafræns fullnustumáls, leiðbeiningar og tilkynningar. Gert er ráð fyrir samtengingu vefgáttarinnar við starfskerfi lögheimtuaðila, starfskerfi sýslumanna og dómstóla sem og við stafrænt pósthólf Ísland.is., sem birtir einstaklingum og lögaðilum gögn á einum stað frá hinu opinbera.

Um a-lið (71. gr.a)

1. mgr. lýtur að formkröfu og kveður skýrt á um að þar sem áskilið er að gögn skulu vera skrifleg, í staðfestu endurriti, frumriti eða tvíriti skulu gögn á stafrænu formi talin fullnægja þessum áskilnaði. Það er þó háð því að stafræn gögn uppfylli kröfur um heilleika og uppruna eftir því sem nánar er kveðið á um í reglugerð, sbr. 2. mgr. Ákvæðið er í samræmi við efni reglugerðar ESB nr. 910/2014, um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti á innri markaðinum, sem öðlaðist lagagildi með lögum um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti, nr. 55/2019. Undantekning kemur fram í seinni málsl. 1. mgr. og tekið er fram að stafrænt form eigi ekki við um viðskiptabréf eða önnur bréf. Eins og áður hefur komið fram er áskilnaður um frumrit óhjákvæmilegur þar sem handhöfn bréfsins skiptir máli og áritanir á það, s.s. um framsal, uppgreiðslu, skilmálabreytingu o.fl.

Ráðherra er veitt heimild til setningu reglugerðar í 2. mgr. um framkvæmd ákvæðisins, svo og um form stafrænna gagna. Í svo örri þróun tæknilegra leiða þykir ráðlegt að kveða á um tæknilegt form stafrænna gagna með þeim hætti hverju sinni.

Um b-lið (71. gr.b)

Í ákvæðinu er lagt til að þegar áskilið er að gögn séu undirrituð og vottuð þá skuli fullgild rafræn undirskrift teljast fullnægjandi. Um nánari kröfur til rafrænna undirskrifta fer eftir gildandi lögum um það á hverjum tíma, sbr. fyrirnefnda reglugerð ESB nr. 910/2014 og lög nr. 55/2019.

Um c-lið (71. gr.c)

Hér eru lögð til fyrirmæli um að áskilnaði um áritun dómara á stefnur um aðfararhæfi og aðfararbeiðni um að gerð megi fara fram að einhverju leyti eða öllu og áritunar sýslumanns á aðfararbeiðni um móttökudag og auðkennisnúmer megi fullnægja með rafrænni áritun.

Um d-lið (71. gr.d)

Ákvæðið er í samræmi við stefnu stjórnvalda um skyldu opinberra aðila, þ.e. ríkis, sveitarfélaga, stofnana þeirra og annarra opinberra aðila, að birta einstaklingum og lögaðilum gögn í stafrænu pósthólfi, sbr. lög um stafrænt pósthólf í miðlægri þjónustugátt stjórnvalda, nr. 105/2019. Þar er áskilið að í stafrænu pósthólfi skuli birta hvers konar gögn, jafnt rituð sem í öðru formi, sem verða til við meðferð máls hjá stjórnvöldum, svo sem tilkynningar, ákvarðanir, úrskurði, ákvaðir og aðrar yfirlýsingar. Þá segir að þar sem í lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum er kveðið á um að gögn skuli birt á ákveðinn hátt, svo sem með auglýsingu, símskeyti, ábyrgðarbréfi, stefnuvotti eða öðrum sannanlegum hætti, skal birting í stafrænu pósthólfi metin fullgild. Ráðherra á síðan skv. 4. mgr. 7. gr. þeirra laga að setja nánari fyrirmæli um form og efni birtinga og tilkynninga. Með vísan til þess að ákvörðun um fjárnám og nauðungarsölu eru verulega íþyngjandi ákvarðanir fyrir gerðarþola þá er æskilegt að við hverja birtingu gagna í þeim málum berist málsaðila hnipp, sem er t.d. tilkynning í tölvupósti eða símaskilaboðum um að nýtt erindi sé að finna í miðlæga pósthólfinu. Miðað við framkvæmdina í dag þá geta einstaklingar og lögaðilar undarskilið sig því að fá hnippið og hvorki er einhlítt að tölvupóstföng og símanúmer séu skráð eða rétt uppfærð hverju sinni í pósthólfinu né hversu oft almenningur fylgist með eigin pósthólfi á Ísland.is.

Um réttaráhrif birtingu gagna í stafrænu pósthólfi segir í 7. gr. laga, nr. 105/2019, að þegar gögn eru aðgengileg í pósthólfi teljast þau birt viðtakanda og er það áréttað í 1. mgr. ákvæðisins í ljósi þess að lögin taka einungis til stjórnvalda, en ekki dómstóla. Þá er það áréttað að frestur telst frá þeim degi sem skjal birtist í stafrænu pósthólfi, sem er í samræmi við 8. gr. laga, nr. 37/1993, um útreikning frests.

Ákvæði 2. mgr. á sér fyrirmynd í 2. mgr. 39. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993 hvað varðar reglu um móttöku gagna frá aðila til stjórnvalda. Ríkir hagsmunir eru oft bundnir við að gögn berist dómara eða sýslumanni innan ákveðins frests. Því þykir einfalt að leggja þá skyldu á dómara og sýslumann að staðfesta móttöku stafrænna gagna, sem einfalt er að gera með sjálfvirkum hætti.

Um e-lið (71. gr.e)

Í fullnusturéttarfari einkennist málsmeðferðin af formlegum fyrirtökum. Reyndin er sú að gerðarþolar mæta sjaldan til sýslumanns þegar mál þeirra er tekið fyrir og gerðarbeiðendur hafa iðulega mætingamenn á sínum vegum. Fyrirtökur taka yfirleitt aðeins nokkrar mínútur og hér er lagt til að nýta fjarfundabúnað sem stjórnvöld, fyrirtæki og borgarar hafa tileinkað sér í auknum mæli. Ákvæðið felur í sér heimild til fjarfundar, en dómari og sýslumaður ákveða fyrirkomulag fyrirtöku hverju sinni. Eðli málsins samkvæmt verða orðaskiptin að vera heyranleg öllum og tekið er fram að auk hljóðs þá skuli fjarfundurinn fara fram með mynd ef þess er kostur. Ákvæði 33. gr., 51. gr. og 86. gr. um bókanir aðfaragerða skulu uppfyllt í fyrirtökum með fjarfundabúnaði og rafrænar undirritanir viðhafðar eftir því sem við á. Jafnframt skulu stafræn eftirrit úr gerðabók útbúin.

Ákvæðið á sér fyrirmynd í lögum um breytingu á ýmsum lögum til að heimila framlengingu fresta og rafræna meðferð mála hjá sýslumönnum og dómstólum o.fl., nr. 32/2020 sem var lögfest í lög um meðferð sakamála, nr. 88/2008, og lög um meðferð einkamála, nr. 91/1991. Að fyrirtökur aðfaragerðar fari fram á fjarfundi í stað skrifstofu sýslumanns er til hagsbóta fyrir gerðarþola þar sem meginreglan er sú að gerðarbeiðandi eða mætingamaður á hans vegum ber að mæta í boðaðar fyrirtökur og fellur sá kostnaður á gerðarþola sem og kostnaður vegna aksturs þeirra í fyrirtökuna. Þá dregur úr kolefnislosun með fækkun bílferða í boðaðar fyrirtökur. Í ljósi þess að afar fáir gerðarþolar mæta í fyrirtöku hjá sýslumanni, þykir jafnframt ljóst að með því að bjóða upp á fyrirtökur í fjarfundi til

viðbótar við hefðbundnar fyrirtökur í persónu, sé leitast við að bæta stöðu gerðarþola enn frekar við meðferð fullnustumála.

Heimild er fyrir ráðherra í 2. mgr. að kveða nánar um framkvæmd ákvæðisins í reglugerð og um framkvæmd málsmeðferðar nauðungarsölumáls að öðru leyti.

Um f-lið (71. gr. f)

Ákvæðið fjallar um að heimilt verði að setja á laggirnar vefgátt fyrir gagnvirk rafræn samskipti málsaðila, sýslumanns og dómara. Litið er til tæknilegrar útfærslu Réttarvörslugáttarinnar, sem er tæknilegur samskipta- og upplýsingavettvangur lögreglu, dómstóla og Fangelsismálastofnunar í stafrænni málsmeðferð tiltekinnar sakamála, og þar er fyrirhugað að réttargæslumaður, verjandi og brotþoli fái jafnframt aðgang að sínu svæði. Hagræði felst í því að ein vefgátt verði samskipta- og upplýsingavettvangur málsaðila auk hlutaðeigandi aðila og dómstóla í sakamálum, fullnustumálum og einkamálum.

Í 1. mgr. kemur fram að heimilt verði að starfrækja vefgátt og með því er átt við rafrænan vettvang þar sem málsaðilar geti sent erindi og svör til dómara og sýslumanns og nálgast þar tilteknar upplýsingar um stöðu stafræns aðfararmáls, leiðbeiningar og tilkynningar. Vefgáttin er ætlað að vera vettvangur sem getur tengst öðrum kerfum, t.d. starfskerfum lögheimtuaðila, sýslumanna og dómstóla, og tekið við upplýsingum úr þeim til að tryggja einskráningu upplýsinga. Þá er miðað við að vefgáttin verði tengd miðlægri þjónustugátt ríkisins, Ísland.is, og opinberum gagnaveitum, s.s. þjóðskrá, fasteignaskrá, ökutækjaskrá, lögræðisviptingaskrá o.fl. Í 4. mgr. er ráðherra falið að útfæra vefgáttina, hvernig upplýsingar verði gerðar aðgengilegar og tengd atriði, í reglugerð í ljósi sfbreytilegrar tækni. Því er heppilegast og einfalt að koma til móts við tæknilega þróun með reglugerðarbreytingu.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um að gerðarbeiðandi og gerðarþoli í aðfararmáli skulu hafa aðgang að eigin svæði í vefgáttinni auk sýslumanns og dómstóls. Áréttað er að gerðarbeiðandi og gerðarþoli skulu jafnframt fá allar tilkynningar, boðanir og bréf í stafrænt pósthólf, sbr. 71. gr. d.

Í 3. mgr. segir að ráðherra beri ábyrgð á starfrækslu vefgáttarinnar, en að hann geti falið öðrum ríkisaðila að annast hýsingu, rekstur hennar og umsjón. Skipulag vefgáttarinnar þarf að taka mið af skipulagi stafræns pósthólfs í miðlægri þjónustugátt stjórnvalda og tengingum við starfskerfi notenda sem og opinber gagnasöfn.

Ráðherra skal skv. 4. mgr. setja nánari fyrirmæli um form og efni birtinga og tilkynninga og getur m.a. ákveðið að við hverja birtingu berist málsaðila hnipp, sem er t.d. tilkynning í tölvupósti eða símaskilaboðum.

Um 6. gr.

Greinin fjallar um breytingar á lögum um nauðungarsölu, nr. 90/1991, með þeim hætti að á eftir XV. kafla laganna kemur nýr kafli, XV. kafli A, Stafræn málsmeðferð, með átta nýjum greinum. Að öðru leyti er vísað til umfjöllunar í 3. gr.

Um a-lið (88.gr. a)

Vísað er til umfjöllunar í a lið 3. gr. að breyttu breytanda.

Um b-lið (88.gr. b)

Vísað er til umfjöllunar í b lið 3. gr. að breyttu breytanda.

Um c-lið (88.gr. c)

Vísað er til umfjöllunar í c lið 3. gr. að breyttu breytanda.

Um d-lið (88.gr. d)

Vísað er til umfjöllunar í d lið 3. gr. að breyttu breytanda.

Um e-lið (88.gr. e)

Um árábil hafa auglýsingar um uppboð birst á vef sýslumanna í stað þess að birtast í dagblöðum og hefur sá auglýsingarmáti fest sig í sessi. Hér er lagt til að þegar áskilið er í lögnum að auglýsing skuli birt í Lögbirtingablaði þá skal auglýsing á vef sýslumanna teljast fullnægjandi. Hagræði er að allar auglýsingar samkvæmt lögnum birtist á einum stað auk þess að auglýsingakostnaður vegna birtingar í Lögbirtingablaði fellur niður þar sem auglýsingar á vef sýslumanna eru gjaldfrjálsar.

Um f-lið (88.gr. f)

Hér er lagt til að nýta fjarfundabúnað sem stjórnvöld, fyrirtæki og borgarar hafa tileinkað sér í auknum mæli. Ákvæðið felur í sér heimild til fjarfundar, en dómari og sýslumaður ákveða fyrirkomulag fyrirtöku hverju sinni. Eðli málsins samkvæmt verða orðaskiptin að vera heyrnleg öllum og tekið er fram að auk hljóðs þá skuli fjarfundurinn fara fram með mynd ef þess er kostur. Ákvæði 25. gr., 29. gr. 33. gr., 38. gr., 41. gr., 52. gr., 60. gr., 61. gr., 67. gr., 70. gr. og 73. gr. um bókanir í nauðungarsölumálum skulu uppfyllt í fyrirtökum með fjarfundabúnaði og rafrænar undirritanir viðhafðar eftir því sem við á. Jafnframt skulu stafræn eftirrit úr gerðabók útbúin. Að öðru leyti er vísað til umfjöllunar í e lið 3. gr. að breyttu breytanda.

Um g-lið (88.gr. g)

Hér er í fyrsta lagi mælt fyrir um heimild sýslumanns að fella niður fyrirtöku nauðungarsölubeiðnar skv. 21. gr. Um leið og sýslumaður kynnir gerðarþola nauðungarsölubeiðni skv. 16. gr. er óskað svars frá honum um hvort hann hyggist mótmæla rétti gerðarbeiðanda til að nauðungarsala fari fram eða hvernig verði staðið að henni eða hann óski eftir því að nauðungarsala fari fram á almennum markaði. Sýslumaður veitir gerðarþola frest í því skyni og leiðbeiningar um að berist ekki viðbrögð hans innan frestsins sé fyrirhugað að fella niður fyrirtöku skv. 21. gr. og 31. gr., sbr. 2. mgr. Komi viðbrögð frá gerðarþola um að hann hyggist mótmæla eða fara fram á að nauðungarsala fari fram á almennum markaði þá auglýsir sýslumaður um nauðungarsölu skv. 20. gr. og heldur fyrirtöku á starfstofu sinni skv. 21. gr. Að skilyrðum 1. mgr. uppfylltum auglýsir sýslumaður um byrjun uppboðs skv. 31. gr. eða um uppboð skv. 36. gr., ef sýslumaður hefur nýtt sér heimild 2. mgr. um að fella niður byrjun uppboðs. Áréttað er að ársfrestur skv. 2. og 3. mgr. 27. gr. miðast við dagsetningu boðaðrar fyrirtöku skv. 21. gr. þó svo hún falli niður skv. 1. mgr. Gerðarþoli hefur eftir sem áður sambærilegan tíma, eða ársfrest frest til að ná samningum við gerðarbeiðanda.

Í öðru lagi er í 2. mgr. lagt til að sýslumanni sé heimilt að fella niður byrjun uppboðs á starfstofu sinni skv. 31. gr. og er sú ákvörðun óháð hvort hann nýti sér heimild í 1. mgr. eður ei. Sýslumaður skal þá boða til uppboðs á eigninni sjálfri, sbr. 36. gr. Reyndin er sú að gerðarþoli mætir sjaldnast á skrifstofu sýslumanns við byrjun uppboðs, en gerðarbeiðanda eða mætingamönnum á hans vegum er skylt að mæta auk þess að aðrir kröfuhafar og þeir sem hafa eigin hagsmuna að gæta kunna að mæta. Boð sem koma fram við byrjun uppboðs eru þess eðlis að nær undantekningalaust er boðað til framhalds uppboðs skv. 36. gr. Byrjun uppboðs er t.a.m. ekki áskilin í lögum í Danmörku og Noregi. Falli byrjun uppboðs niður ber sýslumanni að boða til uppboðs á eigninni sjálfri, sbr. 36. gr., innan árs frá dagsetningu boðaðrar fyrirtöku skv. 21. gr.

Um h-lið (88.gr. h)

Vísað er til umfjöllunar í f-lið 3. gr. að breyttu breytanda. Tekið er fram að aðilar að nauðungarsölu eru fyrir utan gerðarbeiðanda og gerðarþola, aðilar skv. 3. og 4. t. 2. gr. Ef starfrækt verður vefgátt verða þeir aðilar einnig að hafa aðgang að eigin svæði í vefgáttinni.

Um 7. gr.

Nauðsynlegt er að ætla tíma til undirbúnings og smíði vefgáttarinnar sem og að allir hlutaðeigandi notendur hafi nægan tíma til að laga starfsemi sína að þeim lagabreytingum sem hér um ræðir og er því lagt til að sá undirbúningstími verði sex mánuðir í hið minnsta.

DRÖG